

VÁTRYGGINGAEFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis, allsherjarnefnd
b.t. Áslaugar Árnadóttur nefndarritara
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 123/468
komudagur 7.12.1998

Reykjavík 07.12.1998
tilvísun: 3510R8C1

Efni: Umsögn um frumvarp til skaðabótalaga, 183. mál.

Vísað er til bréfs yðar dags. 18. nóvember sl. þar sem nefnt frumvarp fylgdi hjálagt til umsagnar.

Skaðabótarétturinn hér á landi hefur verið í mótun og umræðu á liðnum árum. Friður hefur ekki ríkt um fyrirkomulag skaðabótalaga nr. 50/1993, með síðari breytingum. Vátryggingaeftirlitið var sammála mikilvægi setningar skaðabótalaga á sínum tíma. Það hefur komið að umfjöllun um breytingar sem gerðar hafa verið á lögnum þann tiltölulega stutta tíma sem þau hafa verið í gildi. Sitt sýnist hverjum um fyrirkomulag laganna.

Vegna þróunar liðinna ára þ. á m. breytinga sem gerðar hafa verið á skaðabótalögum má fullyrða að nokkur skaðabótakerfi séu í gangi. Mikilvægt er að stöðugleiki og nokkur sátt ríki um skaðabótaréttinn á næstu árum.

Eftirlitið telur að útskýra þurfi heildaráhrif frumvarpsins varðandi einstaka hópa tjónþola t.d. miðað við aldur og örorkustig. Eftirlitið saknar þess að sjá ekki í athugasemdum frumvarpsins dæmi um áhrif tillagna frumvarpsins á lægri örorkustig og hærri örorkustig.

Þrátt fyrir framanritað styður eftirlitið fyrirkomulag frumvarpsins í meginatriðum en hafa ber hugfast að ekki hefur gefist langur tími til þess að yfirfara frumvarpið. Eftirfarandi athugasemda og ábeninga skal getið í framhaldi þessa:

1) Varðandi 3. gr. frumvarpsins um varanlegan miska.

Í athugasemdum við 3. gr. er þess getið að lækkun miskabóta vegna aldurs sé þannig rökstudd að því eldri sem tjónþoli er því skemur þurfi hann að búa við áverkann. Miðað við þá hugsun séu rök til þess að skerða miskabætur vegna aldurs slasaða miklu fyrr en við sextugt, reyndar ætti skerðingin að vera samfelld alla mannsævina. Eftirlitið tekur undir þetta sjónarmið. Síðan segir að "skerðing miskabóta vegna aldurs hefjist við 50 ára aldur, en skerðingin verði 1% fyrir hvert ár á aldrinum 50 - 74 ára" o.s.frv. Eftirlitið varpar því fram til umhugsunar hvort ekki sé eðlilegra að skerðingin komi til alla mannsævina en hefjist ekki bara við 50 ára aldur. Athugasemdir frumvarpsins hefðu mátt úrskýra betur hvers vegna að miða skerðinguna við 50 ára aldur.

2) Varðandi 9. gr. frumvarpsins (mat á örorku og örorkunefnd).

Eftirlitið styður fyrirhugaða breytingu á reglum um örorkunefnd. Óviðunandi ástand hefur ríkt, stytta þarf biðtíma örorkumats.

Sérstök vandamál geta komið upp ef löng bið er eftir örorkumati. Minnt er t.d. á að 12. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir því að bætur fyrir varanlega örorku beri vexti frá upphafsdegi metinnar örorku skv. 5. gr. Sá tími sem líður frá lokum tímabundinnar örorku að mati á varanlegri örorku má ekki vera of langur.

3) Varðandi 13. gr. um gáleysi.

Misræmi er í texta 13. gr. og athugasemda varðandi einfalt og stórfellt gáleysi. Í a lið 1. mgr. 13. gr. er getið stórfellds gáleysis en 2. mgr. sömu greinar getur gáleysis! Athugasemdir við 2.

mgr. geta þess að málsgreinin opni rétt eftirlifenda til miskabóta í vissum tilvikum og að heimilt verði að gera þeim sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur dauða annars manns o.s.frv. Orðalag 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins er víðtækara en athugasemdir frumvarpsins sbr. gáleysi þ.e. einfalt og stórfellt! Eftirlitið spyr hvort greiða eigi miskabætur í þessu tilviki þegar um einfalt gáleysi er að ræða eða á ákvæðið að taka mið af stórfelldu gáleysi?

Vátryggingaeftirlitið veitir fyllri upplýsingar um framanritað ef óskað er.

Virðingarfyllt

VÁTRYGGINGAEFTIRLITID


Rúnar Guðmundsson skrifstofustjóri